

LÖG

17

31. maí

um

varnir gegn sýkingu nytjajurta.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjöllum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Atvinnumálaráðuneytið skal gera þær ráðstafanir, er það álítur nauðsynlegar til að hindra það, að hættulegir jurtasjúkdómar berist til landsins, og sömuleiðis til að hindra útbreiðslu slíkra sjúkdóma, hvar og hvenær, sem þeirra verður vart innanlands.

2. gr.

Ráðuneytið ákveður, hvaða sjúkdóma beri að skoða svo hættulega, að varnarráðstafanir skuli gera samkvæmt lögum þessum, og setur reglugerð um þær.

3. gr.

Ráðuneytið getur kvatt garðyrkjustjóra, meðan hann er launaður af opinberu fje, til aðstoðar við framkvæmd þessara laga, svo og alla þá, er starfa að ræktun landsins og að einhverju leyti eru launaðir af opinberu fje. Er þessum aðstoðarmönnum ráðuneytisins heimilt að framkvæma þær rannsóknir, er þurfa þykir, hvort heldur er í sölubúðum, geymslustöðum, matjurtagörðum eða öðrum gróðrarreitum. Þeim er og heimilt að taka nauðsynleg sýnishorn til rannsókna án endurgjalds og gera þær bráðabirgðaráðstafanir, er nauðsynlegar teljast.

4. gr.

Hver sá, sem hefir til eignar eða umráða jurtir eða jurtahluta, er hann hefir ástæðu til að ætla, að geti verið sjúkar eða geti sýkst, t. d. vörtupest í kartöflum, er skyldur að tilkynna það samkvæmt reglugerðarákvæðum, og má hann ekkert flytja burt af þeim hlutum nje af hendi láta fyr en leyfi er til þess fengið.

17

5. gr.

31. maí

Í reglugerð skal ákveða, að vottorð um, að kartöflur sjeu heilbrigðar, og lausar við vörtupest sjerstaklega, og umbúðir ósóttnæmar, skuli fylgja hverri kartöflusendingu þaðan, sem hætta er á, að skæðir jurtasjúkdómar geti borist til landsins.

6. gr.

Ákveði ráðuneytið, að uppskeru skuli eyðileggja, fær eigandi hæfilegt verð uppskerunnar greitt úr ríkissjóði, eftir mati dómkvaddra manna.

Kostnaður við varnarráðstafanir samkv. lögum þessum greiðist úr ríkissjóði. Eigendum vara, áhalda, garða eða gróðurreita ber þó að láta í tje nauðsynlega vinnu við framkvæmd varnarráðstafana endurgjaldslaust.

Hafi sá, sem fyrir tjóninu verður, orðið þess valdandi með því að vanrækja fyrirskipaðar varnarráðstafanir, ber honum einum að greiða allan kostnaðinn, sem af því leiðir.

7. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, 100—5000 kr.

8. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum eða reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, skal farið sem almenn lögreglumál.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Sorgenfrihöll, 31. maí 1927.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Magnús Guðmundsson.